

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 333/2023

frá 8. desember 2023

um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“),
einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB ⁽¹⁾.
- 2) XVII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Viðauka XVII. við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi er bætt við lið 9a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/9/EB):
„, breytt með:
– **32019 L 0790**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).“
2. Eftirfarandi er undirlið bætt við lið 9e (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/29/EB):
„– **32019 L 0790**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).“
3. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 9h (fellur brott):
„9i. **32019 L 0790**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/790 frá 17. apríl 2019 um höfundarétt og skyld réttindi á stafræna innri markaðnum og um breytingu á tilskipunum 96/9/EB og 2001/29/EB (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 130, 17.5.2019, bls. 92.

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Í 4. mgr. 12. gr. orðast „ákvæði í lögum Sambandsins“ sem „ákvæði EES-samningsins“.
- b) Í 2. mgr. 13. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „7. júní 2021“ sem „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“.
- c) Í 2. mgr. 15. gr. og 9. mgr. 17. gr. koma orðin „ákvæði EES-samningsins“ í stað orðanna „lög Sambandsins“.
- d) Í 4. mgr. 15. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „tveimur árum og einum degi fyrir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „6. júní 2019“.
- e) Í 26. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „7. júní 2021“.
- f) Í 27. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „einu ári eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað orðanna „7. júní 2022“.
- g) Í 1. mgr. 29. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, koma orðin „gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 333/2023 frá 8. desember 2023“ í stað „7. júní 2021“.

2. gr.

Texti tilskipunar (ESB) 2019/790, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. desember 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. desember 2023.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

ÓOPINBER ÞÝÐING